

Skýrsla stjórnar Vorboða, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ

á aðalfundi FaMos 28. febrúar 2022 Vorboðar er blandaður kór eldri borgara. Kórinn var stofnaður 16. desember 1989. Kórfélagar eru nú um 45 manns. Við venjulegar aðstæður eru æfingar kórsins einu sinni í viku og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir.

Kórinn starfar sjálfstætt með styrk frá Mosfellsbæ og eftir að Félag aldraðra í Mosfellsbæ var stofnað hefur kórinn starfað með góðum stuðningi félagsins.

Þessi yfirlit er frá síðasta aðalfundi FaMos í maí 2021.

Á vorönninni 2021 var mjög lítið starf í gangi, örfáar æfingar og ekkert kóramót sem í eðlilegu árferði er haldið í maímánuði.

En það tókst að halda sumargleði 29. júní kórfélögum til mikillar gleði.

Vorboðar höfðu ráðgert að fara í ferðalag um Reykjanesskaga í ágúst, en því varð að fresta. Um sama leyti hafði FaMos skipulagt ferð sem varð að fella niður. Þegar glufa kom í samkomutakmarkanir í september var ákveðið að Vorboðar og FaMos hefðu samvinnu um ferð sem var svo farin 15. sept. Þetta var mjög vel heppnuð ferð, Andrés Arnalds og Ari Trausti Guðmundsson voru fararstjórar og stóðu sig frábærlega, með alla sína þekkingu og reynslu að baki.

Aðalfundur Vorboða var haldinn 27. sept. Breytingar á lögum félagsins um að bæta við tveim stjórnarmönnum voru samþykktar. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér og auk þeirra voru Andrés Arnalds og Kristín Sæunnar Sigurðardóttir kosin í stjórn.

Fyrsta söngæfing á haustönninni var haldin 6. sept. og haustönnin gekk eðlilega fyrir sig. Jólahlög æfð og kórinn tilbúin til að syngja þau fyrir FaMos-félaga og aðra en þegar kom í desember voru reglur hertar og ekkert varð úr samkomum.

Þó skelltu Vorboðar sér á jólahlaðborð 25. nóv. á Blik Bistro og héldu „lítill jól“ þann 4. des. sem hluta af langri söngæfingu í Harðarbóli.

Þann 13. des. var svo síðasta söngæfing fyrir jól.

Í upphafi nýs árs var lélegt ástand í þjóðfélaginu vegna covid og fyrsta söngæfingin var ekki fyrir en 31. janúar. Síðan tók febrúar við með miklum vetrarveðrum, svo að önnur æfing var ekki fyrir en 21. febrúar.

Við vonum og treystum að framtíðin sé björt og gleðjumst yfir því að margir söngfélagar bættust í hópinn á þessu starfsári, þrátt fyrir allt.

Jóhanna B. Magnúsdóttir
Formaður Vorboða